

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöðin Höfði hf. Reykjavík



Dags eftirlits	31.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Ásberg K. Ingólfsson	Staðsetning	362038,627 405923,675

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð í eftirlitinu. Öllum eldri frávikum hefur verið lokað.

Rekstraraðila er bent á að halda Umhverfisstofnun upplýstri um framgang mála við brottflutning af lóðinni Sævarhöfða 6 - 10.

Tímalína brottflutnings (sjá samkomulag við Reykjavíkurborg) hefur riðlast og mikilvægt að uppfæra hana og setja fram nýja raunhæfa tímalínu. Mikilvægt er að í samkomulagi við landeiganda komi fram hvernig á að standa að skilum á lóðinni og hversu mikil jarðvegsmengun verði fjarlægð af rekstraraðila eða á kostnað rekstraraðila.

Bent er að tilkynningarskyldu til þar til bærra aðila sbr. áætlun um frágang við rekstrarstöðvun.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í lokunareftirlit í malbikunarstöð Höfða hf. við Sævarhöfða 6 – 10 í Reykjavík. Starfsleyfi rekstraraðila er útrunnið en það gildir til 31. desember 2022. Í gildi er samkomulag, dagsett 20. janúar 2022, á milli Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðvarinnar Höfða um brottflutning stöðvarinnar. Þar kemur fram að Malbikunarstöðin Höfði hf., skuli sjá um að ráðstafa á viðurkenndan hátt öllum úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi.

Ekki er til deiliskipulag fyrir lóðirnar og í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að starfsemi malbikunarverksmiðjunnar víki og að í Elliðaárvogi rísi blönduð byggð með allt að 3200 íbúðum, tveimur skólum og alls um 100.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði. Bent er á að við breytta nýtingu svæðisins koma til ný viðmiðunarmörk fyrir þungmálma, lífræn efnasambönd og sjúkdómsvalda sem leyfileg eru í jarðvegi. Sjá viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Elín Ásgeirsdóttir fyrir hönd rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Ásberg K. Ingólfsson tók þátt í fundinum að hluta til.

Eitt frávik kom fram í eftirliti síðasta árs. Umgengni um efnavöru og hættuleg efni við vélaverkstæði var ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Gert var átak í umgengni við vélaverkstæðið áður en Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skráði starfsemina, sjá reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hóf eftirlit þar. Frávikinu er lokað. Þar með er öllum frávikum sem Umhverfisstofnun hefur skráð vegna starfseminnar lokað.

Dagskrá:

- Staða frágangs
- Mat á ástandi lóðar og skil á lóð til Reykjavíkurborgar
- Tilkynningar til þar-til-bærra aðila.
- Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir

#### 1. Staða frágangs

Reykjavíkurborg hyggst nýta áfram vélaverkstæðið og skrifstofuhús sem í dag er nýtt af Malbikunarstöðinni Höfða hf.

Ein olfuskilja er enn í notkun en hún tengist vélaverkstæðinu sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur nú eftirlit með. Settjörn sem er hreinsivirki neðan lóðar þjónustar stærra svæði í Ártúnshöfðanum og er á ábyrgð Veitna (Reykjavíkurborg).

Birgðageymar fyrir bik nyrst á svæðinu (Sævarhöfði 10) standa enn og er verið að gera úttekt á asbesti í einangrun þeirra. Áætlað er að búið verði að fjarlægja bikgeyma og önnur mannvirki vestast á svæði malbikunarstöðvarinnar fyrir árslok 2024. Halda skal Umhverfisstofnun upplýstri um framgang málsins.

Neðanjarðarbiklögn liggur frá bikgeymum malbikunarstöðvarinnar undir yfirborði í gegnum lóð vörubílastöðvarinnar Þróttar alls um 100 metra. Áætlað er að búið verði að fjarlægja lögnina fyrir árslok 2024. Halda skal Umhverfisstofnun upplýstri um framgang málsins.

Grjótmulningsverksmiðja austast á lóð Höfða er aflögð og áætlað er að búið verði að fjarlægja hana fyrir árslok 2024. Halda skal Umhverfisstofnun upplýstri um framgang málsins.

Efnishaugar, þ.e. malarhaugar og malbiksafgangar austast á lóð Höfða verða fluttir í burtu eftir því sem pláss losnar á lóðinni við Álhellu 34 í Hafnarfirði. Rekstraraðili áætlar að haugarnir verði allir fjarlægðir á árunum 2024 til 2025. Umsókn um starfsleyfi fyrir millilager úrgangsefna (malbiksbrota) í Sævarhöfðanum er í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkursvæðis. Halda skal Umhverfisstofnun upplýstri um framgang málsins.

Tæki og búnaður vegna vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar er enn á lóð malbikunarstöðvarinnar enda hefur Malbikunarstöðin Höfði hf. verið verktaki við snjómokstur og hálkuvarnir hjá borginni.

## 2. Mat á ástandi lóðar og skil á lóð til Reykjavíkurborgar

Á árinu 2020 létu Reykjavíkurborg og Klasi ehf. gera mengunarrannsókn á Svæði 2 í Ártúnshöfða vegna vinnu við nýtt deiliskipulag. Verkís hf. gerði rannsóknina og var gefin út skýrsla um niðurstöðurnar í maí 2020. Lóðin Sævarhöfði 6 – 10 er á Svæði 2 og tekin voru átta jarðvegssýni á lóð Höfða. Grafnar voru holur og sýnin tekin í holunum á 0,1 m til 1,3 m dýpt.

Í skýrslu Verkís hf. kemur fram að mengunarefni eru í jörðu á lóðinni Sævarhöfði 6 – 10. Olíufeni mældust í sýnum sem tekin voru á aðalsvæði stöðvarinnar og eins við bikgeyma nyrst á svæðinu. Auk olíu fundust þungmálmar (nikkel og kopar) í sýnunum og eins fjölrhinga arómatísk vetniskolefni (PAH efni).

Rekstraraðili hefur gert samkomulag við Reykjavíkurborg um brottflutning malbikunarverksmiðjunnar úr Ártúnshöfðanum. Í samræmi við kafla 6 í samkomulaginu (sjá lið 6.1 og 6.2) skal Malbikunarstöðin Höfði hf. bera kostnað af ráðstöfun og/eða að láta fjarlægja allan mengaðan jarðveg sem sannarlega er tilkominn á meðan rekstraraðili hefur haft afnot af svæðinu. Tímalína brottflutnings í samkomulaginu hefur riðlast og mikilvægt að uppfæra hana og setja fram nýja raunhæfa tímalínu.

Rekstraraðili þarf að gera samkomulag við eiganda lóðarinnar (Reykjavíkurborg) um hvernig skuli standa að skilum á lóðinni og hvað mikið af mengun verði fjarlægð af rekstraraðila eða á kostnað rekstraraðila. Þannig er hægt að koma í veg fyrir ófyrirséða eftirmála.

## 3. Tilkynningar til þar til bærra aðila

Í áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar, dagsett 16.11.2020, kemur fram að tilkynna skulu Umhverfisstofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um stöðvun rekstrar. Hér með er farið fram á að tölvupóstur sé sendur á þessa aðila til þess að fullnægja tilkynningaskyldu rekstraraðila.

## 4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir

Fram hafa komið kvartanir vegna geymslu malbiksbrota á lóðinni nú þegar starfsleyfi fyrir mengandi starfsleyfi er runnið út. Þar er verið að vísa til þess að samkvæmt 9. grein laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs „skal allur úrgangur færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð og þaðan til endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga“. Því þarf leyfi sveitarfélags (starfsleyfi heilbrigðisnefndar/heilbrigðiseftirlits) fyrir geymslu malbiksbrota á lóðinni Sævarhöfði 6 – 10 eftir að starfsleyfi malbikunarstöðvarinnar rann út. Starfsleyfi fyrir millilager malbiksbrota er í vinnslu.

Farið var í skoðun á lóð og umgengni og aðgengi skoðað. Enn er tiltekt á lóð er nauðsynleg sem og förgun úrgangs og hættulegra efna.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að halda Umhverfisstofnun upplýstri um framgang mála við brottflutning af lóðinni Sævarhöfða 6 - 10.

Tímalína brottflutnings (sjá samkomulag við Reykjavíkurborg) hefur riðlast og mikilvægt að setja fram nýja raunhæfa tímalínu. Mikilvægt er að í samkomulagi við landeiganda komi fram hvernig á að standa að skilum á lóðinni og hversu mikið af jarðvegsmengun verði fjarlægð af rekstraraðila eða á kostnað rekstraraðila.


Bent er að tilkynningarskyldu til þar-til bærra aðila sbr. áætlun um frágang við rekstrarstöðvun.

## ANNAÐ

Bent er á að við breytta nýtingu svæðisins koma til ný viðviðunarmörk fyrir þungmálma, lífræn efnasambönd og sjúkdómsvalda sem leyfileg eru í jarðvegi. Sjá viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um megnaðan jarðveg.

Umhverfisstofnun mun fylgja eftir frágangi á lóð stöðvarinnar að Sævarhöfða 6-10 með vettvangsheimsóknnum og móttöku gagna, þar til fullnægjandi frágangur hefur verið staðfestur af hálfu stofnunarinnar.

Reykjavík, 27.11.2023



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.